

- 189 Reglugerðarbreyting þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 105 23. júní 1936,
14. okt. um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað og lögum nr. 85 18. júní
1933, um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. október 1939.

Jakob Möller.

Páll Pálmason.

190
19. okt.

GJALDSKRÁ FYRIR DÝRALÆKNA

Samkvæmt lögum nr. 24 12. júní 1939, um dýralækna, er hér með sett eftirfarandi gjaldskrá fyrir dýralækna, að því leyti sem ekki er ákveðið gjald fyrir störf þeirra með öðrum lögum eða fyrirætlum:

I. Viðtöl og rannsóknir.

1. gr.

- A. 1. Hlýtt á eða athuguð sjúkdómslýsing.
2. Viðtal í síma.
Fyrir þetta greiðist ekkert gjald.
- B. 1. Skrifaður lyfseðill yfir ákveðið, tilgreint efni.
2. Hlustun.
3. Rannsakaður hreyfanleiki liða.
4. Þvagrannsókn.
5. Einföld ástunga í útvortis ígerð, sinasliður eða lið.
6. Rannsókn á júgri.
Fyrir hvert verk, sem um ræðir í þessum staflíð og annað tilsvarendi, greiðist kr. 1.00.
- C. 1. Tekið þvag.
2. Tekið blóð.
3. Einföld gerlarannsókn.
4. Einföld smásjárskoðun.
5. Rannsókn á saur.
6. Rannsókn á helti.
7. Fósturrannsókn (kýr, hryssa).
8. Skrifaður lyfseðill með viðtali og ráðleggingu.
Fyrir hvert verk, sem um ræðir í þessum staflíð og annað tilsvarendi, greiðast kr. 2.00.
- D. 1. Almenn skoðun og heilbrigðisvottorð (t. d. vegna sölu á grip).
2. Skrifleg skýrsla um sjúkdóm.
3. Berklaskoðun á kúm (tuberculinrannsókn).
Fyrir hvert verk, sem um ræðir í þessum staflíð og annað tilsvarendi, greiðast kr. 3.00.
- E. 1. Krufning á stórgrip greiðist með kr. 5.00
2. Krufning á smærri dýrum greiðist með — 2.00
3. Krufning með skriflegri, rökstuddri greinargerð greiðist með — 10.00

2. gr.

190

19. okt.

- a. Nú hefir rannsókn verulegan aukakostnað í för með sér, t. d. fyrir sérstaklega aðkeypt efni, önnur en venjuleg efni til rannsókna og ber þá dýralækni aukreitis gjald fyrir það, þó aldrei meira en lyfjabúðarverð fyrir lyfjavörur, en raunverulegt kostnaðarverð fyrir annað.
- b. Nú er einhver rannsókn ekki við hæfi héraðsdýralæknis og fær hann annan dýralækni eða rannsóknarstofu til þess að leysa hana af hendi og ber þá að gjalda honum aukreitis það, sem honum er gert að greiða fyrir rannsóknina, ásamt kostnaði við útvegum hennar.
- c. Fyrir endurtekna rannsókn á sama sjúkdómi komi hálf gjald.
- d. Fyrir rannsókn á meira en einu dýri í einu komi fullt gjald fyrir eitt dýr en hálf gjald fyrir hin.
- e. Nú þykir dýralækni eða heilbrigðisstjórn ástæða til vegna smithættu, að rannsaka fleiri gripi á heimilinu eða í grendinni, eða dýralæknir fréttir um grunsama, næma sjúkdóma og skal þá greiða honum af opinberu fé samkvæmt lögum um dýralækna nr. 24 12. júní 1939, enda sé rannsóknin gerð í samráði við atvinnu-málaráðuneytið ef unnt er.
- f. Þegar dýralæknir skoðar kýr fyrir mjólkurbú eða mjólkursamsölu, skal hann sjálfur sjá sér fyrir farkosti og gistingu. Honum ber og að gefa hlutaðeigandi mjólkurbú eða samsölu skýrslu um fjós, fóðrun, hirðingu, júgur, salerni og ef óskað er, hirðingu mjólkurinnar og mjólkurilátanna. Fyrir skoðunina og skýrslugerð ber hlutaðeigandi mjólkurbú eða samsölu að greiða honum eina krónu fyrir hverja kú, sem hann skoðar.

II. Aðgerðir.

3. gr.

A. Minnstu aðgerðir:

1. Búið um minni háttar sár.
2. Lyfjum dælt í hold eða æð.
3. Lyfjum dreypt í, eða þau borin í auga eða hlustir.
4. Skoluð leggöng, leghol, þarfagangur, þvagbláðra, magi.
5. Tekin flís úr holdi og aðskotahlutir úr opum líkamans.
6. Skafin sár og fistlar.
7. Uppskurður á spena.
8. Tálgað stig.
9. Búið um beinbrot (smádýr).
10. Kreistur eggjastokkur (kýr).
11. Sorfnar tennur.
12. Notkun magapípu.
13. Stungið á kýli.
14. Opnað blóðkýli.
15. Fæðingarhjálp minni dýra en stórgripa.

Fyrir hverja aðgerð þá, sem um ræðir í þessum staflið og annað tilsvarendi, greiðist kr. 2.00.

B. Minni háttar aðgerðir:

1. Stífla losuð úr vælinda.
2. Kýr dæld við doða.
3. Lagað skeiðarsig.
4. Skorin upp þvagrás (minni dýr en stórgripir).
5. Sprengdur klaufarhófur.

190

19. okt.

6. Tálguð upp nagstunga.
7. Geltur hestur og naut.
8. Fæðingarhjálp (létt fæðing hjá stórgrip og erfið fæðing hjá smærra dýri).
Fyrir hverja aðgerð þá, sem um ræðir í þessum staflið og annað tilsvarendi, greiðist kr. 5.00.

- C. Meiri háttar aðgerðir. Gripurinn lagður niður og hann svæfður eða deyfður:
1. Meiri háttar aðgerðir á sárum.
 2. Tekin stór útvortis æxli.
 3. Skorið til steins eða aðskotahluta í þvagrás (stórgripir).
 4. Beinhol opnað.
 5. Meiri háttar fæðingaraðgerð.
 6. Rannsókn á helti með aðgerð:
 - a. Brennt fyrir brjóskbólgu (spat).
 - b. Saumað vöðvasár.
 - c. Settur kerri í sinaslíður, lið eða sár.
 7. Teknar hyldir.
 8. Leg sett inn.
 9. Aflimanir.
- Fyrir hverja aðgerð, sem um getur í þessum staflið og annað tilsvarendi, greiðist kr. 10.00.

- D. Miklar aðgerðir:
1. Kviðslitsskurður.
 2. Fæðingarhjálp (limað upp fóstur stórgripa).
 3. Skorinn stærri strengur úr hesti.
- Fyrir hverja aðgerð, sem nefnd er í þessum staflið og annað tilsvarendi, greiðist kr. 15.00.

- E. Mestu aðgerðir:
- Fyrir að gelda laungraðan fola og annað tilsvarendi greiðist kr. 30.00.

4. gr.

- a. Nú eru tvær eða fleiri skýrt aðgreindar aðgerðir gerðar á sama grip og kemur þá fullt gjald fyrir aðgerð þá, sem hæst er metin, en hálf gjald fyrir hinar.
- b. Fyrir umbúðir, lyf og annan nauðsynlegan aukakostnað við aðgerð ber að greiða dýralækni sérstaklega, enda nemi hann einhverju verulegu.
- c. Fyrir endurteknar aðgerðir á sama dýri komi hálf gjald.

III. Ferðir.

5. gr.

- A. Ef dýralæknir er sóttur innan kaupstaðar eða kaupfélags út af heimili sínu eða af því heimili, sem hann er staddur á, ber honum til viðbótar tilskildu ráðleggingargjaldi eða aðgerðargjaldi kr. 1.00.
- B. Fyrir ferð dýralæknis út úr kaupstaðnum eða þorpinu, sem hann situr í, eða tilsvarendi leið frá heimili hans, ef hann situr í sveit, ber honum tímakaup fyrir þann tíma, sem ferðin og viðvölin í þágu viðkomanda tekur og er gjaldið fyrir klukkustundina:

1. Fyrir fyrstu 6 stundirnar	kr. 1.50
2. Fyrir hinar næstu 6	— 0.75
3. Úr því	— 0.50

6. gr.

190

- a. Dýralækni ber ókeypis flutningur á ferðum hans, svo greiðum og svo beina leið frá og til heimilis hans sem hægt er. 19. okt.
- b. Ef dýralæknir leggur sér farkost sjálfur, ber þeim, er hann ferðast fyrir, að endurgreiða honum þann kostnað er hann hefir af farartækinu, eða ef hann á það sjálfur, tilsvarendi gjald.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. október 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

191

20. okt.

um holræsi í Ytri-Akraneshreppi.

1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefir látið leggja á sinn kostnað holræsi í götu eða um óbyggð svæði, eða þar, sem hreppurinn hefir keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda byggðra húsa og þeirra, sem byggð verða, skylt að grafa fyrir og leggja á sinn kostnað í hús sitt ræsi, er flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsi.

Regnvatn af húsum og lóð skal einnig að svo miklu leyti, sem hægt er leitt í húsræsið. Hreppurinn leggur hverju húsi til allt að 25 pípur, en þó aldrei fleiri en pípulengd frá göturæsinu að næsta húsvegg. Veganefnd hreppsins eða maður, sem hreppsnefndin felur það, hefir umsjón með að ræsin séu ekki af lakari gerð en göturæsin, og að þau hafi rétta legu eftir staðháttum á hverjum stað. Vanræki nokkur að gera þetta, innan þess tíma, sem hreppsnefndin setur, er henni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hluaðeigandi húseiganda.

2. gr.

Allur kostnaður við holræsagerð hreppsins greiðist úr hreppssjóði, en til þess að standast kosnað við holræsagerðina, ber hverjum húseiganda, sem hefir fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, að greiða 15 króna árlegt gjald, sem nefnist holræsagjald, ásamt 2% — tveimur af þúsundi — af fasteignamati þeirra húsa, sem holræsi liggja frá, og tengd eru við göturæsi hreppsins.

3. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og hefir hann einn ábyrgð á greiðslu þess, en fyrir öllum kröfum, sem hreppsnefndin öðlast á hendur húseigendum samkvæmt 1. og 2. grein, hefir hreppssjóður lögtaksrétt, sem er tryggður með lögveðrétti í húsum og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsvegi og aðfararveði.

4. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní. Gjaldið greiðist á skrifstofu hreppsins.